

## **Starfskjarastefna Skipta hf.**

### **1. gr. Markmið**

Stefna stjórnar Skipta hf. um starfskjör forstjóra, stjórnenda og stjórnarmanna hefur það að markmiði að laða að hæfa stjórnendur sem hafa hagsmuni fyrirtækisins að leiðarljósi og styðja við rekstrar- og árangursmarkmið félagsins til langs tíma. Markmið starfskjarastefnu þessarar er að gera starf hjá Skiptum hf. að eftirsóknarverðum kosti fyrir starfsfólk og þar með tryggja félaginu stöðu í fremstu röð á Íslandi. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að stjórn félagsins sé kleift að bjóða samkeppnishæf laun og aðrar greiðslur í takt við það sem tíðkast hjá sambærilegum fyrirtækjum og að ákveðið samræmi sé í starfskjörum æðstu stjórnenda og annarra starfsmanna félagsins.

### **2. gr. Starfskjör stjórnarmanna**

Stjórnarmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga um hlutafélög. Gerir stjórnin tillögu um þóknunina fyrir komandi starfsár og skal í þeim efnum taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir, og afkomu félagsins. Stjórnarmenn skulu fá fasta þóknun fyrir setu í undirnefndum stjórnar og skal sú þóknun ákveðin af aðalfundi félagsins.

### **3. gr. Starfskjör forstjóra**

Gera skal skriflega(n) ráðningarsamning(a) við forstjóra. Kjör hans/þeirra skulu ávallt vera samkeppnishæf. Fjárhæð grunnlauna og annarra greiðslna til forstjóra skal taka mið af menntun, reynslu, fyrri störfum, ábyrgð og umfangi starfsins. Tilgreina skal önnur starfskjör í ráðningarsamningnum, svo sem greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, hlunnindi og uppsagnarfrest. Heimilt er að semja við forstjóra um upphafsgreiðslu vegna ráðningar hans/þeirra að félaginu. Stjórn er jafnframt heimilt að umbuna forstjóra til viðbótar grunnlaunum, sbr. 4. gr. Við gerð ráðningarsamnings við forstjóra skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi. Heimilt er þó við sérstök skilyrði að mati stjórnar að gera sérstakan starfslokasamning við starfslok forstjóra.

### **4. gr. Umbun til æðstu stjórnenda**

Stjórnin hefur tilnefnt sérstaka starfskjaranefnd til ráðgjafar fyrir stjórn varðandi starfskjör æðstu stjórnenda og fyrirkomulag á hvatningakerfi og hlutabréfavalréttarkerfum. Starfskjaranefndin upplýsir stjórnina reglulega um störf sín og gerir þær tillögur sem hún telur nauðsynlegar eða viðeigandi.

Forstjóra er heimilt að leggja fram tillögu fyrir stjórn félagsins og starfskjaranefnd um að umbuna æðstu stjórnendum til viðbótar grunnlaunum í formi árangurstengdra starfskjara eða annars konar umbunar sem tengd er þróun verðs á hlutabréfum í félaginu og styðja við rekstrar- og árangursmarkmið félagsins til langs tíma. Við ákvörðun um hvort veita skuli æðstu stjórnendum umbun til viðbótar grunnlaunum skal taka mið af stöðu, ábyrgð, frammistöðu og framtíðarmöguleikum viðkomandi stjórnanda innan félagsins.

## **5. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira**

Starfskjarastefna félagsins skal tekin til afgreiðslu á aðalfundi og skal hún tekin til endurskoðunar ár hvert og borin undir aðalfund til samþykktar eða synjunar. Er starfskjarastefnan bindandi fyrir stjórn félagsins að því er varðar ákvæði um kaupréttarsamninga og hvers konar samninga eða greiðslur er fylgja þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, sbr. 2. mgr. 79. gr. a. hlutafélagalaga. Að öðru leyti er starfskjarastefnan leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess. Stjórn félagsins skal færa til bókar í fundargerðarbók frávík frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávík studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins.

*Samþykkt af stjórn Skipta á stjórnarfundum 13. mars 2014 og lagt fyrir aðalfund Skipta hf. 3. apríl 2014, til samþykktar.*